

## Öfgahreyfingar

Það verður oft skammt öfganna á milli. Í þjóðmálumræðunni vestan hafs – og í skítkasti Dónalds og Jóa – hefur Stolta stráka (Proud boys) og andófsmenn fasista (Antifa) borið á góma. Hérna er stutt og trúverðug fréttaskýring frá BBC. Hvorar tveggju hreyfinganna eru ofbeldisfullar í orðum og athöfunum, rétt eins og fleiri skyldar hreyfingar, til að mynda Norræna andstöðuhreyfingin eða Þjóðernisbandalagið (Den nordiske motstandsbevegelsen/nordiska motståndsrörelsen – áður Vitt ariskt motstånd) og Hermenn Óðins.

En iðulega gleymist að tiltaka þá ofbeldisfyllstu þeirra, kvenfrelsunarhreyfinguna. Saga hennar einkennist af áróðri, öfgum, ofbeldi og valdasókn. Sums staðar er hún líka blóði drifin. Ofstopafyllsti hluti hennar vill gera karla óvíga, útrýma karlmennsku eða kvengera karlmenn. Kynhreinsun er fagnaðarerindi hennar. Herkænska hreyfingarinnar er þó að mestu leyti lýðræðisleg, þ.e. að ná undirtökum í ríkinu og alþjóðasamtökum. Þeim miðar vel.

Nýnasistarnir vilja með góðu eða illu flæma burt úr hreinleikasamfélögum sínum fólk frá Miðausturlöndum/Afríku og ganga milli bols og höfuðs á Gyðingum (Síonistum) - og samtímis efla húsfreyju- og uppeldisvald kvenna. „Kynþáttahreinsun“ er þeirra alfa og ómega. Það átti einnig við um Adólf Hitler og Jósep Goebbels.

Kvenfrelsarar gengu í skóla hins síðarnefnda og lærðu tækni áróðursins; þ.e. að endurtaka sömu firrnar (stundum studdar tilbúnum vísindum) og þylja hvarvetna, ná undirtökum í fjölmiðlum og stofnunum samfélagsins, múlbinda andófsmenn eða myrða og þiggja stuðning ákveðinna hagsmunaaðilja (hluta auðvaldsins). Kvenfrelsunarhreyfingin hefur þó – að því best er vitað – aðallega stundað mannorðsmorð, talað fyrir fóstureyðingum fram að fæðingu (t.d. Katrín Jakobsdóttir), réttlætt morð á körlum, sem samkvæmt eiginkonum hafa beitt ofbeldi, og jafnvel réttlætt morð kvenna á nýburum og ungabörnum.

Þöggun, áróður og allra handa ofbeldi í orði og æði er aðferð öfgahreyfinga.

<https://www.bbc.com/news/election-us-2020-54352635>